

Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga

07 987

Ársreikningur 2021

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga

kt. 410797-2089

Kringlunni 1, 103 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem greiðir atvinnuleysisbætur til bænda, smábátaeigenda og vörubifreiðastjóra á grundvelli laga um atvinnuleysistryggingar nr. 54/2006. Vinnumálastofnun annast fjárvörslu sjóðsins og framkvæmd áður nefndra laga.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 30 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2021 var ársveltan kr. 23,6 milljónir og afkoma kr. 21,6 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 73,4 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 1.111,1 milljónir.

Það er álit okkar að ársreikningur 2021 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga í samræmi við lög um opinber fjármál.

Stjórn og forstöðumaður staðfesta hér með ársreikning Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga fyrir árið 2021 með rafrænni undirritun sinni.

Unnur Sverrisdóttir
forstjóri

Stjórn:

Helgi Haukur Hauksson,
formaður

Oddný Steina Valsdóttir

Örn Pálsson

Grétar Guðmundsson

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	23.600.000	23.200.000
Tekjur samtals		<u>23.600.000</u>	<u>23.200.000</u>
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	3	890.064	724.953
Framlög og tilfærslur		1.063.552	1.780.768
Annar rekstrarkostnaður		0	2.000.000
Gjöld samtals		<u>1.953.616</u>	<u>4.505.721</u>
Afkoma fyrir fjármagnsliði		21.646.384	18.694.279
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		57	0
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(16.483)	0
		<u>(16.426)</u>	<u>0</u>
Afkoma ársins		<u>21.629.958</u>	<u>18.694.279</u>
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	2	9.493.510	7.275.047
Rekstrartilfærslur		12.136.448	11.419.232
		<u>21.629.958</u>	<u>18.694.279</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr	31.12.2021	31.12.2020
Eignir			
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar	4	1.108.636.785	1.115.049.731
Handbært fé		2.424.968	596.178
Veltufjármunir samtals		<u>1.111.061.753</u>	<u>1.115.645.909</u>
Eignir samtals		<u>1.111.061.753</u>	<u>1.115.645.909</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	5		
Hrein eign		73.427.871	70.492.192
Bundið eigið fé		1.032.316.403	1.032.316.403
Eigið fé samtals		<u>1.105.744.274</u>	<u>1.102.808.595</u>
Skuldir			
Lánastofnanir		0	10.246.082
Tengdir aðilar	4	5.317.479	2.000.000
Ýmsar skammtímaskuldir		0	591.232
Skuldir samtals		<u>5.317.479</u>	<u>12.837.314</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>1.111.061.753</u>	<u>1.115.645.909</u>
Aðrar upplýsingar	6		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		21.629.958	18.694.279
		<u>21.629.958</u>	<u>18.694.279</u>
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		0	4.559.566
Tengdir aðilar		(8.963.854)	(25.306.623)
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		(10.837.314)	2.055.275
		<u>(19.801.168)</u>	<u>(18.691.782)</u>
	Handbært fé frá rekstri	<u>1.828.790</u>	<u>2.497</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		1.828.790	2.497
		<u>596.178</u>	<u>593.681</u>
	Handbært fé í árslok	<u>2.424.968</u>	<u>596.178</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlaun reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlaun tekna

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samánburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samánburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2021	2020
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	23.600.000	23.200.000
	23.600.000	23.200.000

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	10.400.000	13.200.000	0	23.600.000
Fjárveiting til tekna	10.400.000	13.200.000	0	23.600.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum	(906.490)	(1.063.552)	0	(1.970.042)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	9.493.510	12.136.448	0	21.629.958

	2021	2020
3 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður		
Laun	776.100	630.628
Launatengd gjöld	113.964	94.325
	890.064	724.953

	31.12.2021	31.12.2020
4 Tengdir aðilar		

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	0	6.412.946
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	1.108.636.785	1.108.636.785
	1.108.636.785	1.115.049.731

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	5.317.479	2.000.000
	5.317.479	2.000.000

5 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2021	31.12.2020
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	1.102.808.595	1.102.139.632
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins	(18.694.279)	(18.025.316)
Afkoma ársins	21.629.958	18.694.279
Jöfnuður 31.12.	1.105.744.274	1.102.808.595

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

Af eigið fé stofnunarinnar eru kr. 1.032,3 milljónir sem eru bundið eigin fé, þ.e. ráðstöfun þess er ekki heimil nema heimild til þess verði veitt í fjárlögum.

Skýringar

6 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Fjárlagaliðurinn er ekki með skuldbindandi samninga.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum fjárlagaliðarins í árslok 2021.

Veittar ábyrgðir

Fjárlagaliðurinn hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Fjárlagaliðurinn hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hans.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.